

Nice og Genúa

29. ágúst - 04. September 2026

Laugardagurinn 29.ágúst

Ekið frá Hafnarfjarðarkirkju til Keflavíkur klukkan 04:30. Flogið með flugi FI-560 klukkan 08:20 til borgarinnar Nice við Miðjarðarhafströnd Frakklands og lent þar klukkan 14:40. Þaðan er ekið að Hotel Nice Riviera, sem er vel staðsett 4ra stjörnu hótél í miðborg Nice, þar sem við munum gista næstu 4 nætur. Eftir innritun verður síðan farið í gönguferð, með staðkunnugum leiðsögumanni, um borgina. Kvöldverður á veitingastað.



Sunnudagurinn 30. ágúst

Farið skoðunarferð til Saint Paul de Vence, sem er einn bezt varðveitti miðaldabær við suðurströnd Frakklands og er einnig þekktur fyrir söfn og listagallerí og fjölda listamann, sem hafa kosið að búa þar Á leið þangað munum við m.a. heimsækja Matisse kapelluna, sem hönnuð var af listamanninum Henri Matisse, og hann kallaði sjálfur“meistaverk sitt“. En síðan verður gefinn góður tími til að skoða sig um í þessum litríka bæ. Sameiginlegur kvöldverður.

Mánudagurinn 31. Ágúst

Frjáls dagur í Nice, sem er fimmta stærsta borg Frakklands og er gjarnan kölluð „hin fagra Nice“. Borgin er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna og hefur lengi verið fjölsótt, bæði af ferðamönnum og listamönnum. Sameiginlegur kvöldverður á veitingastað.

Þriðjudagurinn 01. september

Skoðunarferð til Cannes og snæddur hádegisverður þar. Síðan verður haldið aftur til Nice og farið í stutta siglingu á Miðjarðarhafi. Sameiginlegur kvöldverður á veitingastað.

Miðvikudagurinn 02. september

Eftir morgunverð skráum við okkur út af hótelinu og öikum eftir frönsku og ítölsku rivíerunni til hafnarborgarnar Genúa í Ítalíu. Við gefum okkur góðan tíma í franska hafnarbænum Menton, sem m.a. er þekktur fyri ávaxta- og þá sérstaklega sítrónurækt, allt frá fjórtándu öld. Bærinn oft nefndur sítrónuhöfuðborg Evrópu, enda er þar árlega haldin Sítrónuhátíð. Gamli bæjarhlutinn í Menton er einstaklega fallegur og við munum skoða okkur um þar. Komið til Genúa síðdegis og gist þar tvær nætur. Sameiginlegur kvöldverður.



Fimmtudagurinn 03. september

Farið fyrir hádegi í gönguferð um gamla bæinn í Genúa. Síðdegð frjálst. Sameiginlegur kvöldverður.

Föstudagurinn 04. september

Lagt af stað klukkan 16:30 til Malpensaflugvallar, þaðan sem flogið er heim með FI-593 klukkan 23:00. Lent í Keflavík klukkan 01:15. Ekið til Hafnarfjarðar.

Verð: 284.500,-

Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting í tveggjamanna herbergi, morgunverður, kvöldverður (6 kvöld), einn hádegisverður, sigling, allur akstur og skoðunarferðir samkvæmt lýsingu, og íslensk fararstjórn. Aukagjald fyrir einsmannsherbergi: 129.200,-

Verð miðast við gengi og forsendur 14.11. 2025 og minnst 35 greiðandi farþega

Hvað aðra skilmála varðar vísast í “almenna ferðaskilmála” á heimasíðu okkar ferdir.is.

Í öllum ferðum má gera ráð fyrir einhverjum göngum. Farþegar þurfa því að geta komizt leiðar sinnar hjálparlaust, eða útvega sjálfir þá aðstoð, sem þeir kunna að þurfa. Almennt eru gönguleiðir ekki langar, nema þær séu valkvæðar